



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um breytingar á Bústaðavegi**

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 23. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga og samþykkt að vísa til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs:

*Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að öruggum þveranir fyrir óvarða vegfarendur yfir Bústaðaveg verði fjölgað og þær bættar. Því verði til dæmis mætt með því að draga úr magni bílaumferðar og umferðarhraða á Bústaðavegi og að umhverfi götunnar verði gert vistlegra með auknum gróðri og áningarstöðum. Greinargerð fylgir tillögunni.*

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023 var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Stöðugt er unnið að því að bæta umferðaröryggi í Reykjavík og er Bústaðarvegurinn þar engin undantekning. Unnið er eftir umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar þar sem aðgerðum er forgangsraðað heildstætt en niðurstöður slysgreininga, framtíðarathugana og innviða benda til þess að vissir þættir þarfnast meiri athygli svo hægt sé að uppfylla markmið umferðaröryggisáætlunarinnar og skapa sem bestar forsendur fyrir lífvænlegum og öruggum samgöngum. Í lok árs 2022 var samþykkt að lækka hámarkshraða á Bústaðavegi, milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar, úr 50 km/klst 40 km/klst. Það ætti að koma til framkvæmda á þessu ári eða fyrri hluta þess næsta.

Markmið borgarinnar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er að efla aðra ferðamáta en einkabílinn og þar með draga úr aukningu bílaumferðar. Verður það m.a. gert með því að tryggja samspil ákvarðana um þéttingu byggðar og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólreiðar og gangandi vegfarendur. Á meðan þessi vinna er í gangi er óraunhæft að ætla að hægt verði að minnka umferð um Bústaðaveg, enda myndu slíkar aðgerðir líklega beina einkabílnum inn á aðrar götur í kringum Bústaðavegin og í hverfin sem liggja þar að.

Að svo stöddu stendur ekki til að fjölga göngubverunum yfir Bústaðaveg, enda eru þær þveranir sem nú þegar eru í framhaldi af öðrum stígum í gegnum hverfin við Bústaðaveg. Þess í stað er áhersla á að bæta öryggi í kringum þær göngubveranir sem þegar eru.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Samgöngustjóri